

# Krílakot og Kátakot

## Dalvík

Sumar fréttabréf



### Foreldraráð 2014-2015

#### Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Freyr (Pórlaug Diljá)  
Karl (Bríet Póra)  
Gísli Rúnar (Alexandra og Rakel Erla)  
Sunna (Úlfur og Álfgrímur)  
Myriam (Lea)



### Sumarlokun 2015

Lokað er 13. júlí


Opnar aftur þann 11. ágúst  
klukkan 12:15



### Uppbyggingarstefnan

Það er mikilvægt að við lærum að þekkja okkur sjálf og þarfir okkar. Það er líka mikilvægt að forðast ákveðið samskiptamynstur.

5 vonlaus viðbrögð



Áhrif Tilheyra Frelsi Gleði Öryggi



### Komið sæl

Í maí var mikið um að vera í leikskólunum. Elstu börnin í Krílakoti fóru í heimsóknir í Kátakot sem er skref í aðlögun milli leikskóla.

Opnir dagar voru í maí og þökkum við foreldrum kærlega fyrir komuna. Við skelltum okkur í sveitina og foreldrar grilluðu pylsur handa börnum og foreldrum að ferðunum loknum. Börnin á Hólakoti voru útskrifuð og einnig elstu börnin í Kátakoti sem fara í Grunnskóla Dalvíkur í haust. Við þökkum ykkur kærlega fyrir samveruna og samstarfið í kringum alla þessa mikilvægu viðburði.

Nú er sumardagskráin okkar að hefjast en þá breytum við út frá hefðbundnu hópastarfi, skiptum okkur í hópa og tökumst á við fjölbreytt verkefni á útisvæði og förum í gönguferðir um nágrennið.

Að loknu sumarleyfi verða breytingar á starfsmannahópnum eins og gengur og gerist. Margrét Ágústa og Guðrún Hulda hætta fyrir sumarleyfi en þær hafa verið í afleysingu í vetur í Krílakoti. Pálína mun hætta í Kátakoti við sumarleyfi. Við óskum þeim öllum velferðar á nýjum vettvangi.

Það verða einhverjar tilfærslur á starfsfólki milli deilda í ágúst. Nánari upplýsingar um starfsmannahald verða settar á heimasíðuna síðar.

Börn fædd 2011 munu flytjast í Kátakot strax að loknu sumarleyfi og ætla Sigrún Ingibjörg að flytjast með þeim. Um 20 ný börn munu hefja skólagöngu í Krílakoti og Kátakoti í haust, þau yngstu rétt um 9 mánaða.

Til upplýsinga hefur verið samþykkt að sumarlokun í Krílakoti sumarið 2016 verður í 5 vikur vegna framkvæmda við nýbyggingu. Sumarlokun í Kátakoti verður 4 vikur.

Bestu kveðjur Drífa.



## Grænfáninn

"Allt er vænt sem vel er grænt"

Við ætlum að prófa að auglýsa hér aftur eftir plasti:

### PLASTVERKEFNI Í KRÍLAKOTI OG KÁTAKOTI

Við ætlum að vinna með plast í sumar og erum að byrja að safna, gulu, rauðu, grænu og bláu. Ef þið eigið eitthvað plast sem þið þið ætli að henda þá megið þið endilega gefa okkur það.

Þetta geta verið brotnar fötur, skóflur, dollur, tappar, rör, plastflöskur, diskar, glös eða bara hvað sem er.



Þetta er það sem við ætlum að búa til.



### Foreldrafélag Krílakots og Kátakots Skólaárið 2014-2015

Harpa (Barri og Viggó)

Katla (Anton Andri og Arnór Atli)

Guðríður (Hákon Bragi)

Júlíana (Einar)

Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Peyr)

Stöndum saman að velferð barna okkar

### Við förum í 17. júní göngu þann 16. júní

Foreldrar eru velkomnir með okkur



Við förum frá Krílakoti um 9:30 og göngum niður Hólaveg þar sem börn og kennarar í Kátakoti bætast í hópinn. Sungið verður við ráðhúsið og svo við Dalbæ.

Þar skiljast leiðir, Krílakots börn og starfsfólk heldur heim og kátakot heldur för sinni áfram sem leið liggur í Samkaup og að lokum í Berg.

## Öryggi barna

Samkvæmt lögum skal ökumaður sjá til þess að börn undir 15 ára séu í ákveðnum öryggis- og verndarbúnaði.

Það kemur fyrir að börn eru laus í bílum þegar þau koma í leikskólann eða fara og hjálmlaus á hjólum

**Starfsmönnun ber að tilkynna til barnaverndar verði þeir vitni af vanrækslu og ef þeir telja öryggi og velferð barna sé ógnað.**



Munið að loka alltaf hliðinu á eftir ykkur, bæði í Krílakoti og Kátakoti.

Stöndum saman og sköpum börnunum okkar örugg umhverfi

## LAP

Nú erum við byrjuð að merkja hurðar og svæði hjá okkur á mörgum tungumálum. Það vantar enn þýðingar frá nokkrum en vonandi fáum við sent sem allra fyrst.

LINGUISTICALLY  
APPROPRIATE  
PRACTICE

